

BORGARRÁÐ 18. nóvember 2021: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um flutning Malbikunarstöðvarinnar Höfða í Hafnarfjörð - R21110193

1. Hver er áætlaður kostnaður við flutning Malbikunarstöðvarinnar Höfða á nýja lóð í Hafnarfirði, að teknu tilliti til en ekki takmarkað við: flutning fastafjármuna, frágang á núverandi lóð, uppsetningu á nýrri lóð, annan kostnað sem kann að falla til
2. Hvernig verða flutningar Malbikunarstöðvarinnar Höfða í Hafnarfjörð fjármagnaðir? Er fyrirhugað að Reykjavíkurborg gangist í ábyrgðir fyrir félagið í þessu samhengi?
3. Hverjar eru skýringar þess að Höfði skilaði neikvæðri rekstrarniðurstöðu á síðasta uppgjörsári? Er fyrirhuguð betri rekstrarniðurstaða fyrir árið 2021?
4. Munck á Íslandi var með rekstur á nýrri lóð Malbikunarstöðvarinnar Höfða en þurfti að leggja niður starfsemi vegna verkefnaskorts. Hefur verið kannað hvaða áhrif flutningar á nýja lóð munu hafa á rekstur og afkomu Malbikunarstöðvarinnar Höfða til lengri tíma?
5. Nú er ný lóð Höfða í Hafnarfirði töluvert minni en sú lóð sem Höfði hefur starfað á hingað til. Mun breytingin hafa áhrif á rekstur félagsins?
6. Er ný staðsetning Malbikunarstöðvarinnar Höfða í Hafnarfirði hugsuð sem langtímastaðsetning fyrir félagið?
7. Tveir stærstu útboðsaðilar á malbikunarmarkaði eru Vegagerðin og Reykjavíkurborg, sem er jafnframt eigandi Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Í úttekt Viðskiptaráðs um Malbiksborgina Reykjavík árið 2017 kom fram að Höfði var valinn í 73% af útboðum Reykjavíkurborgar um malbiksyfirlagningu á árunum 2008-2016. Athugun á útboðum árin 2017-2020 leiðir svo í ljós að hlutdeild Höfða hefur aukist enn frekar, í 91% — í eitt skipti af ellefu vann annað fyrirtæki þess háttar útboð á vegum borgarinnar. Í útboðum Vegagerðarinnar á tímabilinu 2017-2020 var gengi Malbikunarstöðvarinnar Höfða langt frá því að vera jafn gott, en fyrirtækið virðist aðeins hafa reynst hlutskarpast í einu útboði á vegum Vegagerðarinnar á tímabilinu. Hvað útskýrir þessar hagfelldu útboðsniðurstöður fyrir Malbikunarstöðina Höfða í útboðum borgarinnar?
8. Kom til álita að selja Malbikunarstöðina Höfða í stað þess að leggja í kostnaðarsama flutninga?